

## 4. fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

26. apríl 2023, kl: 15:00.

Mætt voru:

Jenný Lára Magnadóttir frá Tálknafjarðarhreppi

Jóhann Örn Hreiðarsson frá Tálknafjarðarhreppi

Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi

Ólafur Þór Ólafsson frá Tálknafjarðarhreppi

Guðrún Eggertsdóttir frá Vesturbyggð

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð

Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð

Jón Árnason frá Vesturbyggð boðaði forföll

Bryndís Gunnlaugsdóttir, Róbert Ragnarsson og Vilhjálmur Sveinsson frá KPMG. Vilhjálmur ritaði fundargerð.

### I. Starfshópar og frekara samráð

Rætt var um mikilvægi þess að tryggja að sjónarmið allra hópa myndu heyrast í vinnu starfshópa og leiðir til að ná því markmiði. Lagt var til að fulltrúar úr ungmennaráðum, fulltrúum íbúa af erlendum uppruna og fulltrúum eldri fólks yrðu boðið sérstaklega sæti í eftirfarandi starfshópum:

- Starfshóp um fræðslu- og félagsþjónusta
- Starfshóp um menningu, frístundir og lýðheilsu
- Starfshóp um umhverfis-, skipulags- og byggingarmál

Samþykkt var samhljóða að fela sveitarstjórum að velja aðila í samráði við ungmennaráð, nemendafélag Tálknafjarðar, stjórn félags eldri borgara og íbúa af erlendum uppruna.

Að auki var lagt til að sérstakur fundur yrði haldinn með ungmennum í aðdraganda íbúafunda. Samþykkt samhljóða.

### II. Kynningarmál

Vilhjálmur kynnti drög að vefsíðu fyrir verkefnið en vefslóðin er vestfirðingar.is Lögð var áhersla á að efnið yrði aðgengilegt a.m.k. á ensku og pólsku auk íslensku.

Bryndís og Ólafur upplýstu um fund með auglýsingastofunni Hér og nú en gert er ráð fyrir því að fulltrúar Hér og nú komi fyrir samstarfsnefndina á næsta fundi 10. maí og kynni hugmyndir í kynningarmálum.

### III. Vinnudagur starfshópa 5. maí – drög að fyrirkomulagi

Bryndís kynnti drög að dagskrá og fyrirkomulagi fyrir vinnudag starfshópa. Gert er ráð fyrir því að lagt verði af stað kl.14:00 frá Bíldudal og að formleg dagskrá hefjist í Flókalundi um 15:30.

Fundarmenn lögðu áherslu á að umræða um heimastjórnir fengi sérstakt vægi og umræðu á vinnufundinum þar sem heimastjórnir eru mikilvæg forsenda í vinnu að sameiningu sveitarfélaganna.

Samkvæmt kynningunni yrði vinnudeginum skipt upp í þrjár vinnulotur:

- I. Vinnulota I fjallar um heimastjórnir
- II. Vinnulota II fjallar um stöðumat, styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifari í hverjum málaflokki.
- III. Vinnustofa III fjallar um framtíðarsýn fyrir nýtt sveitarfélag innan hvers málaflokks

Ráðgjöfum KPMG var falið að setja upp ítarlega og tímasetta dagskrá og senda út til fundarmanna ásamt upplýsingum um undirbúning fyrir starfsdaginn. Einnig verður fundað með umræðustjórum í aðdraganda vinnudagsins.

#### **IV. Íbúafundur – drög að fyrirkomulagi**

Róbert fór yfir fyrirkomulag og markmið íbúafunda sem eru á dagskrá í byrjun júní. Lagt er upp með að þetta séu vinnufundir þar sem íbúar geta komið með innlegg í vinnu samstarfsnefndar til viðbótar við það efni sem komi frá starfshópum.

Sveitarstjórum var falið að finna hentugt húsnæði og ganga frá bókunum fyrir íbúafundi sem fara fram á Bíldudal, Tálknafirði, Patreksfirði og Barðaströnd.

Ráðgjöfum KPMG var falið að útfæra og skipuleggja íbúafundina og kynna frekar fyrir samstarfsnefnd þegar nær dregur.

#### **VI. Önnur mál**

Lagt var til að á næsta fundi yrði sérstaklega rætt um hvernig standa skuli að hagsmunagæslu gagnvart aðilum utan svæðisins.

Einnig var farið yfir gerð ársreikninga sveitarfélaga og að fjárhagsgreiningar um hugsanlegt sameinað sveitarfélag verði uppfært með tilliti til þess.

#### **VI. Næsti fundur**

Næsti fundur samstarfsnefndar er 10. maí nk. kl. 15:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.